

1205. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 10. júní 2020, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Harpa Sævarsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Arnþór Sigurðsson, Friðrik Boði Ólafsson, Fríða Thoroddsen, Helga Ingólfssdóttir, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Selma Árnadóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Sigrún Guðmundsdóttir, Sigmundur Halldórsson, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Bjarni Þór Sigurðsson

Ragnar Þór óskaði eftir samþykki fyrir þeirri dagskrárbreytingu að nýjum lið yrði skotið inn sem nr. 6 sem er „Beiðni frá Neytendasamtökunum fyrir tryggingu á málskostnaði“.

Samþykkt.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1204. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1204. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Samþykkt milli funda. Skipun fulltrúa í fulltrúaráð VR hjá LIVE

Fært er til bókar samþykkt stjórnar milli funda sbr. tölvubréf frá Stefáni Sveinbjörnssyni framkvæmdastjóra dags. 29. maí 2020 og framlagt skjal „Skipun í fulltrúaráð LIVE – Samþykkt milli funda“ dags. 10. júní 2020 þar sem óskað er eftir samþykki fyrir skipan varamanna stjórnar VR í fulltrúaráð Lífeyrissjóðs verzlunarmanna tímabundið fram að kosningu í trúnaðarráði VR. Er þessa óskað svo hægt sé að vera með fullskipað fulltrúaráð á ársfundi lífeyrissjóðsins en ekki hafði tekist að kjósa í fulltrúaráðið í apríl vegna samkomubanns í tengslum við COVID-19 faraldurinn.

Þeir sem óskað var eftir að yrðu skipaðir eru þeir Sigmundur Halldórsson, Þórir Hilmarsson og Jóhann Már Sigurbjörnsson.

Tólf stjórnarmenn samþykktu og enginn var á móti.

3. Kjaramál – staðan

Ragnar Þór sagði frá því að nú væri margt farið að skýrast varðandi efndir stjórnvalda í tengslum við Lífskjarasamninginn. Verðtryggingarmálið var ekki klárað á þessu þingi og undanþágur margar í frumvarpinu sem nú er fjallað um. Loks var kláruð vinnan um hlutdeildarlánin og verður það kynnt í fyrramálið.

Tekju- og eignamörkum er þar skotið inn sem eyðileggja alla okkar hugsun að baki þessu máli og eru það mikil vonbrigði.

Forsendur Lífskjarasamningsins eru klárlega brostnar. Ætlum við að láta ríkisstjórnina komast upp með þetta eftir að þau samt sem áður undirrituðu samningana með okkur? Starfið kringum þetta var frábært og enginn ágreiningur í vinnuhópunum en nú er Fjármálaráðuneytið að eyðileggja alla þá vinnu.

Mun hann sjálfur styðja uppsögn á kjarasamningnum í haust og fundar hann fljótlega um málið með verkálýðsforystunni.

Hann hefur rætt stöðu VR í ASÍ við Drífu og einnig stöðuna sem komin er upp á vinnumarkaði varðandi t.d. greiðsluskjól ofl.

Umræður.

Selma Björk mætir hér til fundar kl. 17:50

Að loknum umræðum sagði Stefán frá stöðu Borgarleikhússmálsins en okkur barst bréf frá SA þar sem neitað er að greiða laun sem krafist var og er vísað í sömu lagagreinar og áður. Við munum væntanlega stefna þessu fyrir Félagsdóm.

4. Staða VR innan ASÍ

Ragnar Þór sagði vinnufund stjórnar VR um málið hafa verið góðan og gagnlegan. Höfum annan fund í haust og síðan fund með baklandinu. Hann hefur verið í óformlegum samskiptum við Drífu um samstarfið og verkskiptingu. Við náum engu fram í baráttunni í haust ef við förum í það sundruð.

Þurfum að virkja kjaramálanefnd VR til að fara yfir stöðuna í þjóðfélaginu núna og stöðu kjarasamningsins í því samhengi. Kannski ættum við að útvíkka okkar kröfugerð?

Umræður.

5. Vinnumarkaðsúræði VR

Stefán lagði fram skjalið „*Vinnumarkaðsúræði VR tillögur*“ og fór yfir efni þess á slæðum. Þetta er í samræmi við minnisblað sem lagt var fram og rætt á síðasta stjórnarfundinum en skipaður var stýrihópur sem vann þær tillögur sem hér eru lagðar til. Ástæða þessa er að margir félagsmenn VR eru á uppsögn og spár segja að þeir gætu orðið allt að 5000 nú í haust er uppsagnartíma lýkur.

Verkefnið er tvíþætt þ.e. vinna við að beita þrýstingi á hið opinbera um málefni atvinnulausra og síðan að stilla upp sértrækri þjónustu hjá VR fyrir þennan hóp.

Meðal þeirra atriða sem Stefán nefndi að þrýst yrði á stjórnvöld með voru t.d. að lengja tímabil tekjutengdra atvinnuleysisbóta úr þremur mánuðum í 9 til 12 mánuði, auka rétt á námi samhliða atvinnuleysisbótagreiðslum, átaksverkefni, aukið fjármagn í símenntunarstöðvar, nýsköpunarverkefni og að meira fjármagn fari í sálfræðiþjónustu hjá Vinnumálastofnun ofl.

Varðandi sértæka þjónustu VR er áherslan á að auka þekkingu framlínustarfsmanna á þjónustu Vinnumálastofnunar, halda fjölbreytta fyrirlestra og námskeið sem hugsuð eru fyrir atvinnuleitendur og auka þjónustu í formi sértækrar ráðgjafar sem nálgast má beint hjá VR.

Kostnaðaráætlun menntunar starfsmanna á tímabilinu ágúst-september er innan við 100 þ. kr. en kostnaðaráætlun fyrirlestra og námskeiða eru 7 milljónir kr. árið 2020 og 10 milljónir kr. árið 2021. Kostnaðaráætlun um aukna persónulegaráðgjöf með tímabundinni ráðningu tveggja atvinnuráðgjafa eru 24 milljónir kr.

Umræður.

Í umræðum komu fram frekari hugmyndir eins og t.d. að bjóða einnig uppá styttri hádegisfyrirlestra kannski 30 mínútur, þrýsta á sveitarfélög með friar skólamáltíðir og félagsstarf, jafnvel líka lækun fasteignagjalda.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp til samþykkis vinnumarkaðsúrræði þau og kostnaðaráætlun sem Stefán hafði kynnt.

Samþykkt samhljóða.

6. Beiðni frá Neytendasamtökunum fyrir tryggingu á málskostnaði

Stefán lagði fram skjalið „*Smálán endurheimtir ofteknir fjármunir – minnisblað*“ dags. 8. júní 2020 og fór yfir efni þess. Í máli Stefáns kom m.a. fram að Neytendasamtökin hafa með dyggri aðstoð VR barist gegn smálánavánni. Hægt og sígandi erum við að ná árangri. Með styrk frá VR var lögð fram lögbannsbeiðni á hendur Almennri innheimtu, sem sýslumaður hafnaði. Þó Héraðsdómur hafi vísað beiðninni frá vegna formgalla, fengum við fram reglugerðarbreytingu sem bætti úr honum og mun væntanlega styðja málið fyrir Landsrétti.

Nú er ljóst að Almenn innheimta hefur innheimt allt of háar fjárhæðir af skjólstæðingi Neytendasamtakanna og stendur vilji til að aðstoða hann við endurheimt fjárins. Í því skyni hafa samtökin falið Daníel Isebarn Ágústssyni að undirbúa stefnu til endurgreiðslu oftekens fjár. Skjólstæðingurinn er fjárvana og því vinnur Daníel málið „pro bono“ þannig að enginn kostnaður lendi á skjólstæðingnum. Allar líkur eru á að málið vinnist, en fari svo ólíklega að málið fari á allra versta veg og málið tapaðist væri líklegast að málskostnaður yrði felldur niður. Yrði hann ekki felldur niður og skjólstæðingnum gert að greiða hann, næmi hann að mati Daníels að hámarki einni milljón króna.

Ljóst er að Neytendasamtökin hafa ekki burði til að taka slíkt högg. Því leita samtökin til VR um stuðning og óskað er eftir að VR styðji við bakið á samtökunum, fari svo ólíklega að málið tapist. VR tryggi því fé til málskostnaðar svo klára megi málið.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp þessa beiðni Neytendasamtakanna um tryggingu fyrir málskostnaði eins og hér að ofan er skýrt.

Samþykkt samhljóða.

7. Eignaskiptasamningur fyrir Hús verslunarinnar

Stefán ræddi eignaskiptasamning fyrir Hús verslunarinnar en verið er að gera nýjan samning sem þarfnast undirritunar stjórnarmanna. VR hefur verið eignaraðili í húsinu frá byggingu þess og er eignarhluti okkar 24,19% en þess má geta að við leigjum salarkynni á 0. hæð af húsinu en það er ekki okkar eign. Í húsinu er mikil sameign sem verið að gera að séreign og síðan verður að ákveða hvað gert verður við það hvort það er t.d. selt.

Undir þessum dagskrárlið sagði Stefán einnig frá breytingum á skipulagi Kringlusvæðisins en samkvæmt því ætti að rífa kálfinn á húsinu þar sem við erum með stóran hluta af starfsemi okkar. Ljóst er að við myndum mótmæla því ef af verður. Þá er Stefán einnig að skoða möguleika á kaupum á húsnæði á 0. hæð sem gæti verið að losna.

Eignaskiptasamningur var svo samþykktur og undirritaður af fundarmönnum.

Fundi er slitið kl. 21:15
Árni Leósson, fundarritari